



Framkvæmda- fréttir 11. tbl. / 10



Innstrandavegur (68) í Hrítafirði, áður Djúpvegur (61).

Minna viðhald, minni þjónusta árið 2010

(Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 27.5.2010)

Þar sem fjármagn til viðhalds og þjónustu vegakerfisins verður töluvert minna en á síðustu árum er óhjákvæmilegt annað en að draga úr viðhaldi og sumarþjónustu í ár. Miðað við þær upphæðir sem er að finna í samgönguáætlun, sem er enn í meðförum Alþingis, verða framlög til viðhalds og þjónustu í ár um 10% lægri í krónum talið en í fyrra. Fjárveitingar höfðu þá lækkað bæði árin 2008 og 2009.

Áætlað hefur verið að raunlækkun á framlagi til viðhalds og þjónustu frá árinu 2007 sé um 28%, að teknu tilliti til verðlags. Vegagerðin áætlar að fjárveitingar árin 2011 og 2012, í þeirri samgönguáætlun sem lögð hefur verið fram, nægi aðeins fyrir um 65% af áætlaðri þörf.

Á malarvegum verður því minna hefðlað í sumar, rykbinding og mölburður verður minni. Í viðhaldi bundinna slitlaga verður í meira mæli gert við hluta vegar, (hjólfarafyllingar, blettaviðgerðir og kantlagfæringar), í stað heilla yfirlagninga svo dæmi séu tekin.

Vegagerðin mun leita allra leiða til að skerða þjónustuna sem minnst. Leiðir til þess eru m.a. að forgangsraða verkefnum enn frekar og efla alla áætlanagerð og kostnaðareftirlit í tengslum við hana, því fyrir liggur að ekki verður unnt að halda óbreyttu þjónustustigi á vegakerfinu. Vegfarendur munu því miður í auknum mæli verða varir við versnandi ástand vega.

Fjárveitingar til viðhalds og reksturs malarvega eru nú um 60-65% af áætlaðri þörf en malarvegir eru ríflega 7.700 km eða 60% af öllu vegakerfinu. Því þarf að takamarka heflun og rykbindingu nokkuð, en reynt verður eftir megni að halda umferðarmeiri vegum í þökkalegu ástandi og rykbinding við sveitabæi, þéttbýli og sumarhúsabyggð hefur ákveðinn forgang. Á fjallvegum landsins má búast við að eftir að þeir hafa verið opnaðir að vori verði lítið um heflun eftir það. Viðgerðir á bundnum slitlögum þarf að takmarka í meira mæli við hjólfarafyllingar, blettun og kantlagfæringu en minna


Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritsstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

11. tbl. 18. árg. nr. 543 7. júní 2010

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Vesturland, suðurhluti 10-031
 Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu á Vesturlandi árin 2010 -2013 á eftirtöldum leiðum:
 Hringvegur (1),
 Borgarnes – Hvalfjarðargöng 35,04 km
 Akrafjallsvegur (51),
 Hvalfjarðargöng – Hringvegur, 18,4 km
 Akranesvegur (509),
 Akrafjallsvegur – Hringtorg, 0,79 km
 Innnesvegur (503),
 Akrafjallsvegur – Leynisbraut, 3,23 km
 Grundartangavegur (506),
 Hringvegur – Hafnarsvæði, 2,46 km
 Hvalfjarðarvegur (47),
 Hringvegur sunnan ganga – Hringvegur við Laxá, 60,59 km
 Kjósarskarðsvegur (48),
 Hvalfjarðarvegur – Þingvallavegur, 22,03 km
 Helstu magntölur á ári eru:
 Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn 17.100 km
 Vörubílstjórar í biðtíma. 50 klst.
 Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2013.
 Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með 7. júní 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.
 Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 22. júní 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hafnarfjarðarvegur (40), aðreinar 10-048
 Vegagerðin óskar eftir tilboðum í lengingu aðreinar frá Digranesvegi í Kópavogi inn á Hafnarfjarðarveg með gerð vasa fyrir strætisvagna. Einnig staðbundna breikkun Arnarnesvegur á vegamótum Hafnarfjarðarvegur ásamt hægribeygju framhjáhlaupi, lengingu vasa fyrir strætisvagna og breytingu umferðarljósa. Í verkefninu felst enn fremur aðlögun og breyting lagna og veglýsingar ásamt landmótun.
 Helstu magntölur veghluta eru:
 Skering í laus jarðlög 100 m³
 Fylling og fláafleygar 1.500 m³
 Burðarlag 3.500 m³
 Malbik 10.600 m²
 Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. september 2010.
 Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 8. júní 2010. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.
 Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 22. júní 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Viðhald malarvega á Suðursvæði 2010, vegheflun 10-001
 Tilboð opnuð 26. maí 2010. Heffun malarvega á Suðursvæði 2010.
 Helstu magntölur eru:

Almenn vegheflun	400 km
Aðgerðarheflun	50 km
Heffun axla	50 km
Tímagjald, vél og maður	100 klst.
Biðtími vélamanns	50 klst.

Verklök eru 15. október 2010.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
12 Gagntak ehf., Selfossi	15.350.500	119,0	10.311
11 Neseý ehf., Árnesei	15.326.000	118,8	10.286
--- Áætlaður verktakakostnaður	12.900.000	100,0	7.860
10 Þjótanda ehf., Hellu	12.380.000	96,0	7.340
9 Arnar Stefánsson, Rauðalæk	10.889.850	84,4	5.850
8 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	9.700.000	75,2	4.660
7 G. Árnason ehf., Selfossi	8.495.000	65,9	3.455
6 Afrétting og heflun ehf., Álfanesi	8.218.000	63,7	3.178
5 Snilldarverk ehf., Rauðalæk	7.472.000	57,9	2.432
4 Gröfutækni ehf., Flúðum	6.810.000	52,8	1.770
3 Malarsalan ehf., Selfossi	6.740.000	52,2	1.700
2 Stabbi ehf., Ásahreppi	5.942.500	46,1	903
1 Bíladrangur ehf., Vík	5.040.000	39,1	0



Lagfæring á þessari aðrein á Hafnarfjarðarvegi er auglýst í útboð hér í þessu blaði.



Skoðun mín

Viktor Arnar Ingólfsson
ritstjóri skrifar:

„Að henda barninu út með baðvatninu“

Fyrirsögnin á þessari grein er orðtak sem komið er inn í íslenska tungu úr erlendum málum. Það er fyrst þekkt á þýsku „das Kind mit dem Bade ausschütten“ og fyrsta heimild um notkun þess er frá árinu 1512. Á ensku er sagt: „throw out the baby with the bath water“ og heyrst það oft. Orðtakið er nokkuð gegnsætt en má annars skýra svona: „að tapa góðum hlutum þegar slæmum er hent“.

Ástæðan fyrir þessum formála er að orðtakið hefur leitað talsvert á mig undanfarna daga þegar mér er hugsað til áforma samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um að sameina nokkrar undirstofnanir sínar í tvær, þ.e.a.s. stjórnsýslustofnun og stofnun fyrir framkvæmdir og rekstur. Málið er komið svo langt að drög að lagafrumvörpum eru tilbúin og ráðuneytið hefur efnt til nafnasameyðni fyrir þessar nýju stofnanir á meðal væntanlegra starfsmanna þeirra.

Vegagerðin er langstærsta stofnunin sem er inni í þessu sameiningarferli. Um síðustu áramót voru starfsmenn hennar 302. Samkvæmt skýrslu vinnuhóps um verkefni, verklag og verkferla fara um 15 ársverk frá Vegagerðinni til stjórnsýslustofnunar en 288 ársverk til stofnunar framkvæmda og reksturs. Þau sameinast 32 ársverkum frá Siglingastofnun. Stofnunin mun hafa heimild til að taka að sér verkefni frá Flugmálastjórn er varða rekstur og viðhald smærri flugvallar en engir starfsmenn fylgja þeim.

Stofnun framkvæmda og reksturs verður ný stofnun, með nýju skipuriti og skipulagi. Það felur í sér spennandi verkefni því nýir tímar og tækni bjóða upp á nýtt verklag á mörgum sviðum. Þetta verður stærsta einstaka breytingin á verkefnum

Vegagerðarinnar frá því embætti landsverkfræðings var skipt í embætti vegamálastjóra og vitamálastjóra á öðrum áratug síðustu aldar. Ég finn að starfsmenn Vegagerðarinnar taka þessu með opnum hug og eru tilbúin í þetta verkefni.

Tilkynning barst frá samgönguráðuneytinu um nafnasameyðni í 20. viku og ég notaði hvítasunnuhelgina í að velta fyrir mér mögulegum heitum. Margt kom í hugann sem spannaði verkefnasvið nýrrar stofnunar, þ.e. vegir, hafnir, flugvelli, framkvæmdir, rekstur, viðhald og þjónusta, en við tölvuleit kom í ljós að efnilegustu hugmyndir mínar höfðu allar verið notaðar áður sem firmaheiti eða á öðrum vettvangi. Samsett heiti skoðaði ég lítið enda óþjál og ná sjaldan festu í daglegu máli. Til dæmis heyrir ég sjaldan vísað í „samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið“ í umræðu. Eldra heiti, „samgönguráðuneytið“, er enn notað af flestum.

Að lokum fór ég að fhuga hugmynd sem ég hafði heyrt hér innanhúss í þá veru að ný stofnun myndi nýta nafn og merki Vegagerðarinnar. Orðið „vegur“ má teygja yfir í „sjóvegur“ sem er til í orðabók og getur sjálfsagt líka verið metafora fyrir flugleið. Hvati samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að þessu sameiningarferli er hagræðing og endurnýting nafns og merkis fellur vel að því markmiði. Firmamerki Vegagerðarinnar er eins og vatnsmerki í gegnum öll hennar verkefni. Það mun kosta óhemju fé og fyrirhöfn að skipta því út. Það er í öllum prentuðum gögnum, á tækjum og vélum, húsnæði og sumum merkjum við vegi. Nafn Vegagerðarinnar sem stofnunar sem annast vegagerð og viðhald vege er líka inngróid í þjóðarvitundina og það mun kosta gríðarlegt átak á sviði almannatengsla að koma nýju nafni á framfæri og gera það þjál og sjálfsagt í öllum samskiptum. Vegagerðin rekur í dag mikilvæga upplýsingaþjónustu um færð og ástand vege í síma 1777 og það má ekki vera neinn vafi á því hvert skuli leita. Vefsíða Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, er líka óhemju öflug í dreifingu upplýsinga og ein mesta heimsóttá vefsíða landsins þegar veður eru vond að vetri til.

Árið 2008 tók Vegagerðin við stjórn Norræna vegasambandsins (NVF) til fjögurra ára. Stjórnartímabilinu lýkur með risastórri ráðstefnu og hefur Harpan, nýja tónlistar- og



Merki og heiti Vegagerðarinnar er eins og vatnsmerki í öllu hennar starfi. Bílar, tæki, merki, fatnaður og prentgögn eru merkt.

ráðstefnuhúsið verið bókað 11. til 13. júní 2012. Vegagerðin hefur verið að kynna og markaðssetja þessa ráðstefnu erlendis undanfarin tvö ár og vonir standa til að rúmlega 1.200 gestir muni sækja landið heim af þessu tilefni. Þetta markaðsátak hefur verið í nafni Vegagerðarinnar á íslensku og ensku. Stjórn NVF mun að sjálfsögðu verða í höndum nýrrar stofnunar framkvæmda og reksturs en markaðslega væri það sterkara ef nafnið héldi sér. Auðvitað á svona atriði ekki að ráða úrslitum um nafnaval en þetta er nefnt hér sem dæmi um það sem við er að eiga.

Það er til dæmi í stjórnsýslunni um að gamalt nafn hafi verið notað þegar verkefni margra stofnana voru fær undir einn hatt, þ.e.a.s. Veðurstofan. Það taka allir því sem sjálfsögðum hlut að starfsmenn Veðurstofunnar séu helstu sérfræðingar um vatnamælingar, eldgos og afleiðingar þess þótt það hafi sáralítið með veður að gera.

Slétt 90% starfsmanna stofnunar framkvæmda og reksturs koma frá Vegagerðinni og 10% frá Siglingastofnun. Það er því ljóst að ákveðinn stofnanakúltúr, hefðir og venjur muni koma frá Vegagerðinni þótt örugglega verði tekið vel á móti öllu sem starfsmenn Siglingastofnunar leggja til með sér. Það felast verðmæti í þessum kúltur sem nær öld aftur í tímann. Starfsmannavelta hefur alltaf verið lítil hjá Vegagerðinni, margir hafa starfað þar alla sína starfsæfi og eru stoltir af. Nokkur dæmi eru um að starfsmenn nái 50 ára starfsaldri. Stofnunin nýtur velvilja hjá landsmönnum þrátt fyrir að hún hafi haft með höndum erfið verkefni og stundum lítið fé. Í þetta er hægt að halda þótt ný stofnun verði til frá grunni með nýjum lögum.

Flestir starfsmenn Vegagerðarinnar munu sitja á sömu skrifborðsstólunum og við sömu skrifborðin og áður. Nothæfum húsgögnum verður auðvitað ekki skipt út. Við höfum nafn og merki sem enn eru vel boðleg og kosta okkur ekkert. Spörum okkur kostnað við nýtt nafn og hendum ekki barninu út með baðvatninu. ■



Via Nordica ráðstefna NVF 2012 er markaðssett erlendis með nafni og merki Vegagerðarinnar. Rúmlega 1.200 gestir eru væntanlegir.



Saga vegagerðar á Íslandi er órjúfanlega tengd heiti stofnunarinnar.



Starfsstöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. Allar starfsstöðvar Vegagerðarinnar á landinu, 21 að tölu, eru merktar stofnuninni.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
10-050 Hringvegur (1), Hnausakvísl - Stóra-Giljá	10
10-003 Vetrarþjónusta 2010 - 2014, Rangárvallasýsla og Flói	10
10-007 Styrkingar á Suðursvæði 2010	10
10-032 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Helliðsandur - Fróðárheiði - Breiðavík	10
10-014 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vestfirðir	10
10-011 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2010	10
10-029 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Djúpivogur - Höfn	10
10-023 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur(85), Raufarhafnarafleggjari - Fell	10
10-024 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Bakkafjörður og Vopnafjörður	10
10-025 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, vegir á Fljótsdalshéraði	10
10-021 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Lón - Raufarhöfn	10
10-026 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðfjarðarvegur	10
10-022 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Einarstaðir - Biskupsháls	10
10-028 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Breiðdalsvík - Djúpivogur	10
10-019 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Eyjafjörður að vestan	10
10-020 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Kross - Húsavík - Tjörnes	10
10-030 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Höfn- Skeiðarársandur	10
10-027 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Suðurfjarðavegur, Fáskrúðsfjarðargöng - Breiðdalur	10
10-036 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Siglufjarðarvegur	10
10-012 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vesturland	10
10-006 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2010	10
10-035 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Brú - Blönduós	10
10-039 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvegur, Vestfjarðavegur í Reykhólasveit -Reykjanes	10
10-038 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvegur, Reykjanes - Bolungarvík	10

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
10-049 Lagfæringar vega við Markarfljótsbrú	07.06.10	22.06.10
10-048 Hafnarfjarðarvegur (40), aðreinar	07.06.10	22.06.10
10-041 Reykjanesbraut (41), hringtorg við Grænás	07.06.10	22.06.10
10-031 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Vesturland, suðurhluti	07.06.10	22.06.10
10-016 Yfirlagnir á Norðaustur-svæði 2010, malbik	07.06.10	22.06.10
10-018 Hringvegur (1) um Fjarðará í Lóni	25.05.10	08.06.10

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
09-035 Kringlumýrarbraut (40), rampi og undirgöng við Bústaðaveg	17.05.10	01.06.10
10-013 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Norðurland vestra	10.05.10	26.05.10
10-001 Viðhald malarvega á Suðursvæði 2010, vegheflun	10.05.10	26.05.10
10-037 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2010, malbik	03.05.10	18.05.10
10-004 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2010, klæðing	19.04.10	04.05.10
10-005 Yfirlagnir á Suðursvæði 2010, malbik	19.04.10	04.05.10
10-042 Yfirlagnir á Norðaustur-svæði 2010, norðurhluti, klæðing	19.04.10	04.05.10
10-015 Yfirlagnir á Norðaustur-svæði 2010, austurhluti, klæðing	12.04.10	27.04.10
09-034 Hringvegur (1) - tvöföldun, Fossvellir -Draugahlíðar	08.03.10	20.04.10

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
09-007 Hringvegur (1), tvöföldun Hafrvatnsvegur - Þingvallavegur	07.04.10	21.05.10

Íslenskir aðalverktakar kt. 660169-379

Hætt við útboð, verk felld af lista		
10-002 Sumarþjónusta á Suðursvæði 2010, sópun og grassláttur		10
10-034 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Innstrandavegur, Brú - Guðlaugsvík		10

Niðurstöður útboða

Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2010				
10-013 Tilboð opnuð 26. maí 2010. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra árið 2010. Malað verður í 7 nánum, samtals 27.000 m ³ og skiptist efnið í eftirtalda efnisflokka:				
	Efni í malarlitlag	13.000	m ³	
	Efni í burðarlag	10.000	m ³	
	Efni í klæðingu	3.000	m ³	
	Úrharp	1.000	m ³	
Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2010.				
nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Pverá-golf ehf., Akureyri	51.300.000	106,0	12.570
---	Áætlaður verktakakostnaður	48.409.588	100,0	9.680
3	Hraun-Sandur ehf. og Alexander Ólafsson ehf., Hafnarfirði	43.355.000	89,6	4.625
2	Tak - Malbik ehf., Borgarnesi	41.723.600	86,2	2.994
1	Króksverk ehf., Sauðárkróki	38.730.000	80,0	0